

Eftirfylgni úttektar á heilsugæslu Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja



Desember 2019



Embætti
landlæknis
Directorate of Health



Embætti landlæknis

Directorate of Health

Eftirfylgni úttektar á heilsugæslu Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja

Höfundar:

Svið eftirlits og gæða í heilbrigðisþjónustu.
Embætti landlæknis.

Forsíðumynd:

©Víkurfrettir

Útgefandi:

Embætti landlæknis
Katrínartúni 2
105 Reykjavík
www.landlaeknir.is

Reykjavík 2019

© 2019 Embætti landlæknis

Rit þetta má ekki afrita með neinum hætti,
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða
á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild,
án þess að geta heimildar.

Samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007 skal landlæknir hafa reglubundið eftirlit með því að heilbrigðisþjónusta sem veitt er hér á landi uppfylli faglegar kröfur og ákvæði heilbrigðislöggjafar á hverjum tíma. Embætti landlæknis setti fram [Áætlun um gæðapróun í heilbrigðisþjónustu 2019-2030](#) sem staðfest var af heilbrigðisráðherra í desember 2018. Embættið mun hafa áætlunina til hliðsjónar við úttektir sínar á heilbrigðisþjónustu en gert er ráð fyrir að áætlunin verði innleidd í áföngum.

Með eftirlitsstarfi sínu hefur embættið að leiðarljósi að árangursríkasta leiðin til að bæta gæði og öryggi heilbrigðisþjónustu er að efla samstarf og samráð við stjórnendur og starfsfólk heilbrigðisstofnana.

Embætti landlæknis gerði í apríl-maí 2017 hlutaúttekt á starfsemi og þjónustu heilsugæslu Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja (HSS).

Ábendingar Embættis landlæknis að lokinni úttekt

- Skýra hlutverk starfsemi heilsugæslu HSS.
- Fylgjast með þjónustu og skilvirkni heilsugæslunnar.
- Skilgreina gæðavísa.
- Innleiða þverfaglega teymisvinnu.
- Ráða bót á mönnun lækna.
- Ráða bót á mönnun hjúkrunarfræðinga.
- Ráða bót á mönnun sérfræðinga í geðteymi og meðferðarteymi barna.

Eftirfylgd úttektar á tímabilinu 2017 – 2019

Vegna eftirfylgni úttektar bað embætti landlæknis um greinargerð frá stjórnendum HSS haustið 2017 varðandi það hvernig fyrrnefndum ábendingum hefði verið fylgt eftir. Í áfangaskýrslum sem bárust embættinu í janúar og september 2018 og á fundi með fulltrúum embættisins í nóvember 2018 kom fram að ýmsar úrbætur voru fyrirhugaðar en lítið hafði verið um framkvæmdir. Því var ákveðið að embættið mundi áfram fylgjast með framvindu mála á heilsugæslu HSS.

Niðurstöður eftirfylgdar haustið 2019

Vegna áframhaldandi eftirfylgni úttektar bað embætti landlæknis um greinargerð frá stjórnendum HSS, haustið 2019 varðandi það hvernig fyrrnefndum ábendingum hefði verið fylgt eftir. Svör bárust embættinu á tilsettum tíma. Í skýrslunni og á fundi með fulltrúum embættisins, 29. nóvember 2019, kom fram að ýmsar úrbætur hafa nú verið gerðar og verður hér gerð grein fyrir þeim helstu.

- **Skýra hlutverk starfsemi heilsugæslu HSS**
Stjórnendur HSS hafa gengið út frá því að grundvallarhlutverk heilsugæslu á HSS sé, eins og fram kemur í lögum um heilbrigðisþjónustu, að heilsugæslan sé „að jafnaði fyrsti viðkomustaður sjúklinga“, en frá því að úttektin var upphaflega gerð hefur verið samþykkt heilbrigðisstefna fram til ársins 2030 þar sem hlutverk heilsugæslunnar er skilgreint nánar en verið hefur.

Í fimm ára aðgerðaráætlun heilbrigðisstefnu 2019 – 2023 eru tekin fram ýmis atriði sem stjórn HSS hefur unnið eftir og stefnuyfirlýsingu þar að lútandi má nú finna á vef HSS.

- **Fylgjast með þjónustu og skilvirkni heilsugæslunnar**
Nýverið hóf HSS notkun á Qlik Sense hugbúnaðinum sem býður upp á rafrænar, gagnvirkar skýrslur sem auðveldar heildaryfirsýn yfir starfsemistölur í rauntíma. Innleiðing á hugbúnaðinum stendur enn yfir en hann heldur utan um umfang þjónustu, sem og mönnun og launakostnað. Þessar upplýsingar eru meðal annars nýttar til að stýra mönnun og efla starfsemi á þeim deildum

sem mest mæðir á, ef möguleiki reynist. Þjónustukönnun var gerð árið 2018 og áætlað er að gera aðra á næsta ári þegar fyrirhugaðar umbætur á þjónustunni eru lengra komnar.

- **Skilgreina gæðavísa**

Unnið hefur verið að því að innleiða notkun á gæðavísum í heilsugæslu HSS sem dæmi eru nefnd um á [vef embættis landlæknis](#). Þar má nefna: Tíðni ungbarnabólusetninga, fjöldi hreyfiseðla, ávísun breiðvirkra sýklalyfja, geðrænum kvillum sinnt á stöðinni, skráning reykinga/tóbaksnotkunar í sjúkraskrá og notkun EPDS (*Edinburgh Postnatal Depression Scale*) í ung- og smábarnavernd.

- **Innleiða þverfaglega teymisvinnu**

Samkvæmt framkvæmdastjórn hefur lengi staðið til að hefja markvissa þverfaglega teymisvinnu á heilsugæslu HSS, en það hefur tafist af ýmsum orsökum. Með auknum stuðningi framkvæmdastjórnar við slík verkefni, og með hliðsjón af skýrum ákvæðum í heilbrigðisstefnu er búið að setja kraft í þá vinnu og undirbúningur þegar hafinn. Í þessu sambandi má nefna að þverfaglegur hópur frá HSS sótti HSU á Selfossi heim í nóvember 2019 til að kynna sér þeirra reynslu af uppbyggingu teymisvinnu í heilsugæslu á landsbyggðinni. Í framhaldi af þeirri heimsókn er fyrirhugað að fagfólk í heilsugæslu HSS vinni að þróun verklags sem tekur mið af þeim veruleika sem HSS býr við, svo sem fjölgun íbúa og fjölbreyttari íbúasamsetningu. Telur framkvæmdastjórn að æskilegast sé að allir íbúar á þjónustusvæði HSS hafi aðgang að „sínu“ meðferðarteymi. Nýjar tæknilausnir, m.a. Qlik Sense og fyrirhugað símkerfi, verða nýttar til að greina erindi sem berast og koma skjólstæðingum í viðeigandi meðferðarferli hjá viðeigandi fagaðila.

Verið er að þróa nýja nálgun í móttöku, þ.e. heilsugæslumóttöku sem hjúkrunarfræðingar stýra í náinni samvinnu við aðrar heilbrigðisstéttir. Nafn móttökunnar tekur mið af því að sjúklingar verði meðvitaðri um að þeir komi á heilsugæslu og fái úrlausn sinna mála hjá þeim fagaðila sem við á, á réttum tíma og á réttum stað.

- **Ráða bót á mönnun lækna og hjúkrunarfræðinga**

Stöðugildi lækna á heilsugæsluviði HSS eru nú 18 en voru 15,2 í september 2018. Er það von framkvæmdastjórnar að uppbygging kennslu í heimilislækningum á HSS stuðli að því að sérnámslæknar ráði sig þangað í lok náms og haldist í starfi á stofnuninni.

Sem stendur eru allar hjúkrunarstöður fullmannaðar. Í október síðastliðnum tók til starfa nýr framkvæmdastjóri hjúkrunar á HSS, sem mun leiða endurskipulagningu á hjúkrunarþjónustu í heilsugæslu. Liður í því er að fjölga stöðugildum hjúkrunar um tvö og hefur framkvæmdastjórn HSS þegar samþykkt þá tillögu. Auk þess hefur verið ráðinn deildarstjóri í 100% starf á slysa- og bráðamóttöku sem mun hefja störf um áramót. Áður voru tveir hjúkrunarfræðingar sem skiptu stöðunni á milli sín, en það hafði ýmsa annmarka í för með sér. Sú breyting hefur orðið á deildinni að ásamt lækni er hjúkrunarfræðingur ávallt á kvöld- og næturvöktum. Betri mönnun er nú á meðal skólahjúkrunarfræðinga og sinnir hver nú um 650 börnum í stað um 800 barna áður. Þeir eru í góðu samstarfi við fagaðila í meðferðarteymi barna á stofnuninni.

- **Ráða bót á mönnun sérfræðinga í geðteymi fullorðina og meðferðarteymi barna**

Að sögn framkvæmdastjórnar hefur nokkuð áunnist í því að bæta mönnun sálfræðinga í þjónustu á HSS. Stöðugildum sálfræðinga hefur fjölgað um 1,8 og eru nú starfandi níu sálfræðingar á stofnuninni. Framkvæmdastjórn hefur áhyggjur af því að biðlisti er fyrir hendi eftir þjónustu framangreindra teyma. Í ljósi niðurstaðna lýðheilsuvísa á Suðurnesjum er brýnt að efla þessi tvö teymi. Þverfagleg geðheilsuteymi eru ekki til staðar. Verið að vinna í að bæta við fleirum starfsstéttum við teymin sem fyrir eru. Þeirri vinnu mun þó ekki ljúka fyrr en tekist hefur að leysa brýnasta húsnæðisvanda stofnunarinnar.

- **Ýmis gæða- og umbótaverkefni**

- Tæknilausnir. Stöðug þróun er á notkun Qlik Sense hugbúnaðinum. Verið er að skoða kaup á nýju stafrænu símkerfi til að greina betur þörf fyrir þjónustu og auka möguleika á samþættingu á þjónustu.
- Aukið aðhald í ávísunum á ávanabindandi lyfjum. Qlik Sense hugbúnaðurinn er nýttur til að fylgjast með skráningu og ávísunum lyfja sem vert er að hafa eftirlit með. Yfirlæknir og kennslustjóri sóttu m.a. þing á vegum Mayo-Clinic um ávísanir ávanabindandi lyfja og mótaðgerðir gegn þeirri vá og aðrir læknar heilsugæslunnar hafa fengið ítarlega kennslu þar að lútandi. Einnig hefur lyfjateymi embætti landlæknis verði þeim til ráðgjafar, komið á fund á HSS og stofnunin fengið vilyrði frá teyminu um frekari eftirfylgni.
- Aukið eftirlit og aðhald til að bæta skráningu. Qlik Sense hefur verið nýtt í það verkefni.
- Efling kennsluhlutverks HSS. Kennsla eflid hjá heilsugæslulæknum. Tveir kennslustjórar og formlegar kennsluáætlanir fyrir læknanema, kandidate, unglækna og sérnámslækna í heimilislækningum eru nú fyrir hendi.
- Ráðið var í 10% stöðu hjúkrunarfræðings á slysa- og bráðamóttöku sem sinnir þjálfun starfsfólks á deildinni og hefur eftirlit með búnaði greiningarsveitar. Yfirhjúkrunarfræðingur á heilsugæslunni í Grindavík hefur umsjón með sérfræðinám í heilsgæsluhjúkrun.
- Húsnæðisbreytingar. Mikil fólksfjölgun hefur átt sér stað á svæðinu undanfarin ár sem kallar á aukna starfsemi og stærra húsnæði. Húsnæðisskortur hamlar að mati framkvæmdastjórnar möguleikum á fjölgun starfsfólks. Stjórnendur eru með ýmsar hugmyndir um að bæta aðstöðu og efla starfsemi með því að nýta betur húsnæði sem ekki er lengur í notkun. Stofnuð hefur verið húsnæðisnefnd til að fylgja þeim eftir. Jafnframt eru hugmyndir um hvernig auka megi enn frekar aðgengi að þjónustunni. Þá telja stjórnendur HSS einnig nauðsynlegt að lagt verði í þá vegferð að fjölga heilsugæslustöðvum á þjónustusvæði stofnunarinnar til að bæta aðgengi.
- Samvinna við Reykjanesbæ varðandi íbúa af erlendum uppruna. Töluverður fjöldi íbúa umdæmisins er af erlendum uppruna. Verið er að koma á fót samvinnu við Reykjanesbæ sem snýr að fræðslu um heilbrigðiskerfið og eflingu heilsulæsis með það í huga að auka þekkingu íbúanna á réttindum sínum og skyldum og til að auka skilvirkni heilbrigðisþjónustunnar.
- Suðurnes er Heilsueflandi samfélag. Starfsfólk heilsugæslu HSS fylgist með lýðheilsuvísu til að greina stöðuna í umdæminu og skilja þarfir íbúa þannig að hægt sé að vinna með markvissum hætti að því að bæta heilsu og líðan. Í lýðheilsuvísu 2019 koma fram ákveðnir styrkleikar í samfélaginu en jafnframt fjölmargar áskoranir. Sjá nánar [Lýðheilsuvísar 2019 Suðurnes](#).

Mat embættis landlæknis

Ljóst er að stjórnendur hafa tekið tillit til ábendinga embættis landlæknis og unnið töluverða umbótavinnu varðandi marga þætti starfseminnar og er það vel. Stöðug umbótavinna á sér stað, en ljóst er að ákveðnar breytingar munu verða krefjandi og taka tíma. Því er mikilvægt að ná breiðri samstöðu um þær og efla enn frekar aðkomu starfsfólks.

Embættið gerir því ekki frekari athugasemdir að svo stöddu en hyggur á enn frekari eftirfylgd að u.þ.b. átta mánuðum liðnum.